



Til landssambanda og aðildarfélaga innan ASÍ

12. júní 2007.

Efni: Ársfundur ASÍ 18. og 19. október 2007

Ársfundur Alþýðusambands Íslands verður haldinn dagana 18. og 19. október nk. á Hótel Nordica, Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 29. nóvember 2006 verður eftirfarandi málefni sérstaklega undirbúið fyrir ársfund ASÍ 2007: *Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið*. Þá má ætla að umfjöllun um kjara- og efnahagsmál verði fyrirferðarmikil á ársfundinum í aðdraganda kjarasamninga.

Í minnisblaði sem lagt var fyrir miðstjórn 19. nóvember sl. segir m.a. um viðfangsefni ársfundarins:

Með því að samþætta umfjöllun um efnahags- og kjaramálin við undirbúning ársfundarins og í aðdraganda kjarasamninga umræðunni um Norræna samfélags- og vinnumarkaðsmódelið má vænta þess að ársfundurinn móti víðari og ferskari sýn á viðfangsefnið og hvaða áherslur eigi að leggja á sameiginlegu borði í kjarasamningunum.

Áður hefur miðstjórn ASÍ samþykkt það verklag vegna undirbúnings málefna fyrir ársfundi ASÍ, að fyrir sumarleyfi miðstjórnar í júní liggi fyrir rammi varðandi efnistöð og umfjöllun um þau málefni sem miðstjórn undirbýr fyrir ársfund.

Hjálagt fylgja fyrstu drög að greinargerð og tillögum um Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið, sem miðstjórn samþykkti að senda út til landssambanda og aðildarfélaga á fundi sínum 6. júní sl. Drögin eru unnin af eftirtöldum málefnanefndum miðstjórnar ASÍ: Menntanefnd ASÍ, Velferðarnefnd ASÍ og Vinnumarkaðsnefnd ASÍ.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að hér er um 1. drög að ræða sem eru á vinnslustigi. Þá á eftir að samþætta og samræma efnistöð og framsetningu. Sú vinna mun halda áfram í sumar og haust og er stefnt að því að leggja 2. útgáfu af uppleggi fyrir ársfundinn fyrir miðstjórn ASÍ í september nk.

Meðfylgjandi drög eru grundvöllur að umræðum á vettvangi ASÍ og aðildarsamtaka þess á næstu mánuðum. Tilgangurinn með því að senda meðfylgjandi efni út svo tímanlega er að gera undirbúning að málefnavinnu fyrir ársfund ASÍ markavissari og tryggja að aðildarsamtök ASÍ og ársfundarfulltrúar hafi gott tækifæri til þess að kynna sér það upplegg sem er fyrir fundina og hafa áhrif á það strax á vinnslustigi.



Hér með er óskað eftir tillögum og ábendingum frá landssamböndunum og aðildarfélögunum um þau drög sem þegar liggja fyrir og þau málefni sem þar eru til umfjöllunar. Æskilegt er að þær berist fyrir 31. ágúst n.k. Hafi þær ekki borist fyrir 10. september verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við undirbúning endanlegra tillagna fyrir ársfundinn.

Tillögur og ábendingar landssambandanna og aðildarfélaganna verða til umfjöllunar í viðkomandi málefnanefndum og síðan á vettvangi miðstjórnar ASÍ. Endanlegar tillögur til ársfundarins verða síðan sendar út til landssambandanna og aðildarfélaganna í framhaldi af fundi miðstjórnar ASÍ 19. september nk.

Jafnframt minnum við á 24. gr. laga ASÍ þar sem segir m.a.:

„Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á fundinum, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir ársfund. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir fundinn, ásamt umsögn sinni.“

Frekari upplýsingar – gögn á vefnum

Á heimsíðu ASÍ www.asi.is hefur verið settur sérstakur hnappur „Ársfundur ASÍ 2007“ þar sem hægt er að nálgast meðfylgjandi gögn. Þar eru einnig birtar frekari upplýsingar um ársfundinn.

Virðingarfyllst,

Grétar Þorsteinsson,
forseti Alþýðusambands Íslands

Hjálagt fylgir:

- „Undirbúningur undir ársfund ASÍ 2007: **Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið**“